

Smiðja – 3

7. – 8. bekkur 2. – 30. nóvember

Myndmennt – kveiktu á perunni!

Kennari: Vilma

Við ætlum að nota hugmyndaflugið og leika okkur með alls konar perur. Við notum kol, þurrkrít, málningu og blek, gerum tilraunir með alls konar efni og höfum gaman.

Námsmarkmið: Nemandi getur

- unnið mynd á sjálfstæðan hátt þar sem byggt er á fyrri þekkingu og reynslu
- getur unnið hugmyndavinnu og prófað sig áfram með efni og aðferðir

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Hekl

Kennari: Ingibjörg

Verkefni: Bolti heklaður með fastahekl og stuðlahekl. Aukaverkefni að hekla tusku.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- heklað stuðlahekl og fastahekl

Námsmat: Símat er í hverjum tíma, þar sem gefið er fyrir vinnusemi, vandvirkni, frumkvæði, verkfærni, umgengni/ábyrgð og samskipti. Í lok námskeiðsins er gefið í bókstöfum samkvæmt aðalnámskrá og merkt í hæfniviðmið í Mentor.



Heimilisfræði

Kennari: Linda

Verkefni: Í smiðjunni munum við æfa okkur í brauðbakstri, að elda einfalda rétti, leggja snyrtilega á borð og ganga frá, ásamt því að baka sætabrauð. Fræðumst um næringargildi í matvælum, skoðum hvar við getum fundið þær upplýsingar og hvernig maður notar þær. Tökum einn tíma í að leita að uppskrift á netinu sem við prófum síðan.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið sjálfstætt eftir uppskrift
- nýtt margvíslega miðla til að finna uppskriftir
- vaskað upp og gengið frá á réttan hátt
- hafi fengið fræðslu um næringargildi matvæla

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk hæfniviðmiða.

Furðuverur

Kennari: Ingólfur

Í þessari smiðju smíðum við furðuverur úr fundnu efni. Til þess nýtum við allskonar dót sem við finnum hér og þar. Tré og plast, gúmmí og pappír, járn og gler, engu er hent og allt hægt að nýta.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð
- gert grein fyrir uppruna og notagildi efniviðar

Námsmat: Einkunn er gefin í bókstöfum og til grundvallar er eftirfarandi; Símat og leiðsagnarmat þar sem eftirtaldir þættir eru metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði og sköpun, vandvirkni, samskipti, umgengni og ábyrgð á eigin vinnusvæði auk þeirra hæfniviðmiða sem talin eru hér að ofan.



Forritun – þrautabrautir og áskoranir

Kennari: Eydís

Staður: Stærðfræði 2

Þessi smiðja er jafnt fyrir þá sem ekkert vita um forritun og þá sem hafa áður farið á námskeið eða forritunarsmiðju. Við notum Sphero – boltana, Makey Makey og Scratch en prófum líka microbit og ýmiss konar skemmtilega skynjara. Við búum til þrautabrautir hvert fyrir annað og leggjum áskoranir. Þeir sem hafa verið áður í forritun mega líka prófa Lego Mindstorm ef áhuginn er fyrir hendi. Áhersla er lögð á samvinnu og tilraunir.

Hæfniviðmið: Að nemendur geti

- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum
- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt

Námsmat: Metin er vinna og þátttaka í tímum þar sem vinnusemi, ábyrgð, umgengni og samskipti eru til grundvallar. Í lok námskeiðs verða hæfniviðmið metin og gefin einkunn samkvæmt námskrá.

Íþróttir

Kennari: Jói

Staður: Íþróttasalur

Markmið og verkefni: Að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi

Markmið smiðjunnar er að bjóða upp á eitthvað við allra hæfi þar sem farið verður í fjölbreyttar íþróttir og ýmislegt prófað, þar á meðal glænýir leikir. Þó verður einnig heimsótt sívinsæla leiki á við Counter strike og Hunger Games.

Námsmat: Námsmat er í formi símats og frammistöðumats og gefið er í bókstöfum. Til grundvallar námsmati eru eftirfarandi þættir metnir til jafns: Vinnusemi, frumkvæði, framkoma og umgengni.